



Fundur í fræðslunefnd

27. fundur fræðslunefndar Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu á Þórshöfn, fimmtudaginn 26. janúar 2017 og hófst kl 15.

Mætt voru: Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Stefán Benjamínsson, Svala Sævarsdóttir, Kristinn Lárusson, Ásdís Hrönn Viðarsdóttir, Sigríður Harpa Jóhannesdóttir, Árni Davíð Haraldsson og Hildur Stefánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Tónlistarskóli

a. Skólanámsskrá og jafnréttisáætlun

Farið yfir drög frá Ingvari Sigurgeirssyni og breytingar gerðar. Borið upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

Bókun: “Fræðslunefnd leggur til að sveitarstjórn endurskoði gjaldskrá tónlistarskólans m.t.t. fjölskylduafsláttar.”

b. Starfslýsing deildarstjóra borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

Bókun: Fræðslunefnd felur skólastjóra og formanni fræðslunefndar að auglýsa eftir deildarstjóra í samstarfi við sveitarstjóra.

2. Skýrsla skólastjóra Grunnskólans á Þórshöfn

- Skólapúlsinn, nemendakönnun var lögð fyrir í desember.

Ásdís fór yfir helstu niðurstöður úr henni og þá sérstaklega þau atriði þar sem frávik komu fram, bæði jákvæð og neikvæð.

Áhugi á stærðfræði og náttúrufræði er að aukast, virkni nemenda í tímum er að verða meiri og líðan nemenda í skólanum er betri. Verkefni sem þarf að vinna að er að efla sjálfstraust nemenda, efla trú á eigin getu, auka hreyfingu og bæta mataræði.

Fræðslunefnd lýsir yfir ánægju sinni með góða útkomu skólapúlssins og hversu markvisst hann er nýttur til að bæta skólastarfið.

- Niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk 2016
Skólinn er yfir landmeðaltali bæði í íslensku og stærðfræði hjá báðum árgöngum og eru einkunnir hærrí en síðastliðið ár.
- Almennt gengur skólahaldið vel, skólabragur góður og starfsfólk og nemendur mjög ánægðir með þær breytingar sem gerðar hafa verið á skólahúsnæðinu.
- Ekki hefur verið mikið um veikindi en nokkuð um leyfi starfsfólks af ýmsum ástæðum.

3. Önnur mál

Drög að samvinnu sveitarfélaga á sviði sérfræðipjónustu leik- og grunnskóla og velferðarpjónustu lögð fram til yfirferðar.

Bókun: Fræðslunefnd gerir ekki efnislegar athugasemdir við innihald samningsins en óskar eftir upplýsingum um hvort nánari útfærsla á þjónustu við hvert og eitt sveitarfélag verði gerð.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18